

Fundur í stjórn FOKS 8. mars. Kl. 17.30
Mættir eru Helga, Guðríður, Herdís, Sigga, Sigrún.

Mappa sem ber nafnið foreldramappa. Ákveðið að kaupa svona möppu handa verðandi 1.bekk þannig að hún sé tilbúin næsta haust.

Helga formaður sagði frá fundi í SAMTAK. Þar koma m.a. fram

- Ályktun um að færa aðalfund foreldrafélaga að vori. Þannig að félagið myndi klára veturinn og geta byrjað á fullu strax í byrjun vetrar . Nokkrar umræður um það. Bekkjarfulltrúar eru aldrei kjörnir fyrir en skólinn og námskynningum er lokið. Þannig að bekkjarfulltrúastarfið myndi ekki byrja fyrir en eftir það.

(Sjá möppu)

- Það kom fram ályktun um kjaramál kennara.

(Sjá möppu)

- Erindi sem sent var skólanefnd Akureyrarbæjar þar sem lýst var áhyggjum af stöðu mála í sálfræðiþjónustu skólanna.

-Tillaga og álitun þar sem SAMTAK mótmælir að verð á skólamáltíðum í skólum hafi ekki lækkað í samræmi við lækkun á matarverði.

(Sjá möppu)

Stjórnin vill að athugað sé með hvort hægt sé að bjóða upp á hafragraut fyrir skóla á morgnanna. Sigga ætlar að tala við Ólaf skólástjóra.

Bent var á fræðslufund 13.mars um samstarf heimilis og skóla. Þar sem Ingibjörg Auðuns kynnir verkefnið sitt. Sett inn á heimasíðu.

Helga sagði frá því að SAMTAK stofnaði fræðslunefnd. Þessi fræðslunefnd lagði til fræðslufund fyrir foreldara um tölvunotkun barna á vegum SAFT. Aukið öryggi á netinu. Í athugun hvar og hvenær.

Hópurinn SAMTAK vill að það sé eitthvað gert fyrir 10. bekk þegar samræmdu prófin klárast til að koma í veg fyrir hópun í Kjarnaskógi eins og í fyrra.

Helga auglýsti líka eftir afleysingu í svæðaráðið. Sigrún bauðst til að fara.

Vorhátíð.

Verður 13. maí á sunnudegi.

Það sem okkur datt í hug að hafa er, söngskemmtun og þá fengjum við Gunna Halldórs til að hjálpa okkur með söngsal.

Dans , ákveðnir bekkir myndu dansa og þá fengjum við Elínu Halldórs til að hjálpa okkur.

Flauta hjá yngstu bekkjunum og þá fengjum við Mæju til að hjálpa okkur.

Tombóla.

Andlitsmálun.

Spákonur.

Pylsur

Kökuhlaðborð.

Opið inn í stofur og aðstandendur myndu getað kíkt inn og skoðað hvað verið væri að gera.

Að síðustu var talað um hvort ekki ætti að sameina þessi tvö ferðlög, sem farin eru í 10. bekk, í eitt ferðalag. Einnig að foreldrar myndu sjá að mestu um fjáröflun. Miklar umræður. Ákveðinn næsti fundur var 12.4. fundur kl. 17.30.

Sigríður E. Bjarnadóttir.